

Reglur Eyja- og Miklaholtshrepps um frístundastyrk vegna íþróttá- og tómsundaiðkunar til barna og ungmenna á aldrinum 3-18 ára

Eyja- og Miklaholtshreppur veitir foreldrum/forráðamönnum barna og ungmenna á aldrinum 3-18 ára frístundastyrki vegna íþróttá- og tómsundaiðkunar. Meginmarkmið frístundastyrks er að stuðla að aukinni hreyfingu og félagsþátttöku barna í sveitarfélaginu. Styrkur er veittur vegna æfinga- og þátttökugjalda fyrir börn á aldrinum 3-18 ára með lögheimili í Eyja- og Miklaholtshreppi. Styrkhæft er hvers konar reglulegt íþróttá- og tómsundastarf. Nemendur í tónlistarnámi geta nýtt styrkinn. Styrkur nemur aldrei hærri fjárhæð en sem nemur greiddum gjöldum.

Fjárhæð styrks endurskoðast ár hvert við gerð fjárhagsáætlunar.

Styrkur árið 2023 er fjárhæð 40.000 kr. að hámarki.
Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi 15. desember hvers árs.

Til að fá styrkinn greiddan þarf að senda á oddviti:

1. Afrit af reikningi þar sem fram kemur fyrir hvaða íþrótt eða tómsund er verið að greiða og fyrir hvaða barn.
2. Staðfestingu á greiðslu.
3. Reikningsupplýsingar til að leggja styrkinn inn á.

(netfang: oddviti@eyjaogmikla.is)

Reglur þessar gilda frá 1. janúar 2023.

Sigurbjörg Ottesen, oddviti